

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2018  
UST201805-324/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Grafningsvegur – Stangarháls. Umsögn


Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbætur á 11 km kafla á Grafningsvegi efri og 50.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr Stangarhálsnámu við Nesjavallavirkjun.


Framkvæmdir á Grafningsvegi verða að langmestu leyti á núverand vegi nema þar sem fláar verða breikkaðir og gerð verða bílastæði. Viðbót við núverandi veg verður á um 3 ha svæði. Stangarhálsnáma hefur verið opin um langt árabil og nýtt við framkvæmdir á Nesjavöllum. Náman hefur verið unnin á einkar snyrtilegan hátt þar sem þess hefur verið gætt að takmarka innsýn í námuna eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á við umrædda framkvæmd að standa á sambærilegan hátt að efnistökkunni og gert hefur verið til þessa.

Umrædd framkvæmd er innan vatnasviðs Þingvallavatns sem nýtur verndar skv. lögum nr. 85/2005. Vegagerðin mun viðhafa ákveðið verklag við framkvæmdina sem miðar að því að koma í veg fyrir olíumengun og viðbrögð við óhöppum.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri